

Ed.

466. Nefndarálit

[166. mál]

um frv. til l. um hækkun á bótum almannatrygginga.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur klotnað um afgreiðslu máls þessa. Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frv. óbreytts. Við í minni hl. leggjum hins vegar til, að ellilífeyrir, örorkubætur og aðrar bætur, sbr. 1. gr. 2. mgr., hækki um 15%, en frv. gerir ráð fyrir 5.2% hækkun í þessum bótaflokkum. Við teljum, að kaupmáttur þessara lífeyrisgreiðslna sé svo rýr orðinn, að ekki sé um raunverulega hækkun að ræða eftir ákvæðum frv., miklu fremur lækkun. Við álitum, að gamla fólkið og öryrkjarnir eigi annað skilið af opinberri hálfu og jafnan eigi að gæta þess, að lífeyrisgreiðslur þessara þjóðfélagsþegna vegi a. m. k. á móti aukinni dýrtíð. En hin svokallaða hækkun um 5.2% gerir það engan veginn að okkar áliti. Velferðarríki eins og okkar þjóð er talin vera getur vart sóma síns vegna gengið á rétt gamla fólksins, sem unnið hefur lengi og vel í þjóðfélagsins þágu, og því síður á hagsmuni þess fólks, sem eigi er þess megnugt að vinna að nýtu starfi, sem því væri kært og eðlilegt að öðrum kosti.

Við leggjum því til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Í stað tölunnar „5.2%“ í 2. málgr. 1. gr. komi: 15%.

Alþingi, 24. marz 1970.

Björn Fr. Björnsson,
frsm.

Björn Jónsson.

Ásgeir Bjarnason.